

HB Grandi hf.
Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar
1. janúar - 30. júní 2014
í evrum

HB Grandi hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning HB Granda hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014 10.568 þús. evrum (1. janúar til 30. júní 2013 16.222 þús. evrur). Samkvæmt yfirliti um heildarafkoma var heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu jákvæð um 9.766 þús. evrur (1. janúar til 30. júní 2013 15.567 þús. evrur).

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 195.641 þús. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Þann 25. apríl 2014 var hlutfé félagsins skráð á NASDAQ OMX Iceland. Vogun hf., Arion banki hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. seldu 25,4% af eignarhlut sínum til 2.500 nýrra hluthafa í hlutafjárútbóði sem lauk 10. apríl 2014.

Þann 21. maí 2014 var gengið frá kaupum á 76,2% hlut í Norðanfiski ehf. en fyrir átti félagið 23,8% eignarhlut í félaginu. Norðanfiskur er frá og með þeim tíma hluti af samstæðunni.

Þann 21. ágúst 2014 samþykkti stjórn félagsins samningsdrög um smíði á þremur nýjum ísfiskstogurum. Heildarsamningsfjárhæðin er 43.950 þús. evrur. Á tímabilinu var jafnframt fjárfest fyrir 12.321 þús. evrur í nýjum uppsjávarskipum, en ráðgert er að fyrra skipið af tveimur uppsjávarskipum verði afhent í upphafi ársins 2015.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2014 ásamt rekstrarafkoma hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2014.

Stjórn félagsins:

Kristján Loftsson

Halldór Teitsson

Hanna Ásgeirsdóttir

Rannveig Rist

Þórður Sverrisson

Forstjóri:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa HB Granda hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning HB Granda hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014, sem hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 27. ágúst 2014.

KPMG ehf.

Krísturón Hrönn Ingólfssdóttir

Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2014

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árs helmingur	
		2014	2013	2014	2013
		1.4.-30.6.	1.4.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Seldar vörur		45.316	48.435	87.262	99.310
Kostnaðarverð seldra vara		(35.202)	(39.812)	(66.059)	(72.307)
Vergur hagnaður		10.114	8.623	21.203	27.003
Aðrar rekstrartekjur		796	0	1.323	0
Útflutningskostnaður		(2.499)	(2.713)	(5.388)	(6.065)
Annar rekstrarkostnaður	8	(1.829)	(1.287)	(4.183)	(2.569)
Rekstrarhagnaður		6.582	4.623	12.955	18.369
Fjáreignatekjur		9	2	18	34
Fjármagnsgjöld		(773)	(674)	(1.531)	(1.307)
Gengismunur		192	3.942	207	4.214
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		(572)	3.270	(1.306)	2.941
Áhrif hlutdeildarféлага		675	(497)	1.790	(1.502)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		6.685	7.396	13.439	19.808
Tekjuskattur		(1.754)	(1.380)	(2.871)	(3.586)
Hagnaður tímabilsins		4.931	6.016	10.568	16.222
Skipting hagnaðar (taps):					
Hluthafar móðurfélags		4.465	5.624	10.392	16.281
Hlutdeild minnihluta		466	392	176	(59)
Hagnaður tímabilsins		4.931	6.016	10.568	16.222
EBITDA		9.503	7.513	18.653	24.139
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður og þynntur					
hagnaður á hlut (ISK)		0,0022	0,0033	0,0057	0,0096

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2014

	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
	2014	2013	2014	2013
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Hagnaður tímabilsins	4.931	6.016	10.568	16.222
Rekstrarliðir færðir á eigið fé:				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	34	(210)	(802)	(655)
Heildarafkoma tímabilsins	<u>4.965</u>	<u>5.806</u>	<u>9.766</u>	<u>15.567</u>
Skipting heildarafkomu:				
Hluthafar móðurfélags	4.490	5.407	9.581	15.612
Hlutdeild minnihluta	475	399	185	(45)
Heildarafkoma tímabilsins	<u>4.965</u>	<u>5.806</u>	<u>9.766</u>	<u>15.567</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

	Skýr.	30.6.2014	31.12.2013
Eignir			
Rekstrarfjármunir		123.478	111.006
Óefnislegar eignir		135.800	133.393
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		17.406	16.840
Aðrar fjárfestingar		2.229	2.086
Lífrænar eignir		8.260	8.030
	Fastafjármunir	<u>287.173</u>	<u>271.355</u>
Birgðir		36.045	25.712
Lífrænar eignir		2.855	2.319
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		23.420	24.599
Handbært fé		6.718	12.273
	Veltufjármunir	<u>69.038</u>	<u>64.903</u>
	Eignir samtals	<u><u>356.211</u></u>	<u><u>336.258</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		19.325	19.325
Lögbundinn varasjóður		37.743	37.743
Þýðingarmunur vegna erlendra hlutdeildarféлага		353	1.164
Óráðstafað eigið fé		135.095	142.312
	Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	<u>192.516</u>	<u>200.544</u>
Hlutdeild minnihluta		3.125	2.940
	Eigið fé samtals	<u>195.641</u>	<u>203.484</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	10	24.968	37.410
Tekjuskattsskuldbinding		35.203	34.891
	Langtímaskuldir	<u>60.171</u>	<u>72.301</u>
Vaxtaberandi skuldir	10	73.163	31.058
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		24.612	22.270
Skattar til greiðslu		2.624	7.145
	Skammtímaskuldir	<u>100.399</u>	<u>60.473</u>
	Skuldir samtals	<u>160.570</u>	<u>132.774</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>356.211</u></u>	<u><u>336.258</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2014

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar munur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samtals
1. janúar til 30. júní 2013						
Eigið fé 1.1.2013	18.619	27.031	2.716	117.832	3.185	169.383
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins			(669)	16.281	(45)	15.567
Greiddur arður 1,0 kr. á hlut				(11.136)		(11.136)
Eigið fé 30.6.2013	18.619	27.031	2.047	122.977	3.140	173.814
1. janúar til 30. júní 2014						
Eigið fé 1.1.2014	19.325	37.743	1.164	142.312	2.940	203.484
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins			(811)	10.392	185	9.766
Greiddur arður 1,50 kr. á hlut				(17.609)		(17.609)
Eigið fé 30.6.2014	19.325	37.743	353	135.095	3.125	195.641

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2014

	2014 1.1.-30.6.	2013 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður tímabilsins	12.955	18.369
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
(Söluhagnaður) -tap rekstrarfjármuna	(1.034)	10
Afskriftir	6.732	5.770
Lífrænar eignir, breyting	(527)	(495)
	<u>18.126</u>	<u>23.654</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum	(7.242)	(745)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum	886	856
	<u>(6.356)</u>	<u>111</u>
Innheimtar vaxtatekjur	12	34
Greidd vaxtagjöld	(1.475)	(1.342)
Greiddir skattar	(4.494)	(1.845)
Handbært fé frá rekstri	<u>5.813</u>	<u>20.612</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(7.466)	(9.490)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í smíðum	(12.321)	0
Söluverð rekstrarfjármuna	2.282	60
Fjárfesting í eignarhlutum að frádregnu handbæru fé	(3.242)	8
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(20.747)</u>	<u>(9.422)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(17.609)	(11.136)
Skammtímalán	31.784	2.335
Afborganir langtímalána	(4.796)	(7.021)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>9.379</u>	<u>(15.822)</u>
Breyting á handbæru fé	(5.555)	(4.632)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>12.273</u>	<u>8.639</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>6.718</u>	<u>4.007</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Skýringar

1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

HB Grandi hf. gerir út 10 fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarfélaga og rekur eigin markaðsdeild sem selur afurðirnar um heim allan. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur HB Granda hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2013.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hbgrandi.is og á vef Kauphallar Íslands; <http://www.nasdaqomxnordic.com>.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 27. ágúst 2014.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2013.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

5. Breytingar á samstæðunni

Þann 21. maí 2014 eignaðist félagið 76,2% eignarhlut í Norðanfiski ehf., en fyrir átti félagið 23,8% eignarhlut. Kaupverð eignarhlutans nam 3.774 þús. evrur og var það greitt með reiðufé. Norðanfiskur ehf. er hluti af samstæðureikningi HB Granda hf. frá 22. maí. Samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikningi og yfirliti um sjóðstreymi innifela ekki fjárhæðir úr reikningsskilum Norðanfisks ehf.

Yfirtaka félagsins hefur eftirfarandi áhrif á efnahagsreikning samstæðunnar:

Rekstrarfjármunir	679
Veltufjármunir	2.008
Skuldir	(892)
Hrein eign	1.795
Yfirverð fært upp sem viðskiptavild við kaup	2.407
Kostnaðarverð eignarhluta	4.202
Yfitekið handbært fé við kaup	532

Útdeiling á yfirverði eignarhluta í Norðanfiski ehf. er ekki lokið, en áformað er að ljúka því á seinni árshelmingi. Á sama tíma er jafnframt gert ráð fyrir að ljúka útdeilingu á yfirverði að fjárhæð 5.840 þús. evrur vegna dótturfélagsins Vignis G. Jónssonar ehf. sem keypt var á árinu 2013.

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþættir 1.1.-30.6.2014	Botnfiskur	Uppsjávarfiskur	Annað	Jöfnunar-færslur	Samtals
Seldar vörur	53.652	27.024	7.373	(787)	87.262
Kostnaðarverð seldra vara	(41.554)	(18.723)	(6.395)	613	(66.059)
Vergur hagnaður	12.098	8.301	978	(174)	21.203
Aðrar rekstrartekjur			1.323		1.323
Útflutningskostnaður	(3.343)	(1.678)	(367)		(5.388)
Annar rekstrarkostnaður					(4.183)
Rekstrarhagnaður					12.955
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					(1.306)
Áhrif hlutdeildarféлага					1.790
Hagnaður fyrir tekjuskatt					13.439
Tekjuskattur					(2.871)
Hagnaður tímabilsins					<u>10.568</u>

Starfsþættir 1.1.-30.6.2013

Seldar vörur	55.353	40.344	3.613		99.310
Kostnaðarverð seldra vara	(45.652)	(23.432)	(3.223)		(72.307)
Vergur hagnaður	9.701	16.912	390	0	27.003
Útflutningskostnaður	(3.430)	(2.621)	(14)		(6.065)
Annar rekstrarkostnaður					(2.569)
Rekstrarhagnaður					18.369
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					2.941
Áhrif hlutdeildarféлага					(1.502)
Hagnaður fyrir tekjuskatt					19.808
Tekjuskattur					(3.586)
Hagnaður tímabilsins					<u>16.222</u>

7. Veidigjöld

Félagið greiðir veiðigjöld skv. lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, vegna þeirra aflaheimilda sem félagið hefur fengið úthlutað. Á árinu 2013 var bráðabirgðaákvæði bætt við upphaflegu lögum sem samþykkt voru á árinu 2012, þar sem sérstakt veiðigjald í botnfiskheimildum var ákvarðað 7,38 kr. á þorskígildiskíló og 38,25 kr. á þorskígildiskíló fyrir uppsjávarheimildir. Í maí 2014 samþykkti Alþingi breytingu á lögum þar sem veiðigjöld voru ákvarðað í krónum á hvert kíló aflamarks. Gert er ráð fyrir nokkurri lækkun veiðigjalda fyrir fiskveiðiárið 2014/2015 samanborið við árið 2013/2014. Þar sem breyting á sérstöku veiðigjaldi nær aðeins yfir eitt fiskveiði ár og óvissa er um veiðigjöld eftir fiskveiðiárið 2014/2015 telja stjórnendur að ekki sé til staðar forsendur um að breyta mati aflaheimilda.

Á fyrri árshelmingi 2014 nam gjaldfært veiðigjald 3.434 þús. evrur (fyrri árshelmingur 2013 7.230 þús. evrur). Veiðigjöldin eru gjaldfærð meðal kostnaðarvers seldra vara í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

8. Annar rekstrarkostnaður

Á fyrsta ársfjórðungi var unnið að skráningu félagsins á Aðallista Kauphallarinnar. Kostnaður við skráningarferlið nam 730 þús. evrur og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2014	2013
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Laun og launatengd gjöld	1.611	1.330
Annar stjórnunarkostnaður	1.550	1.353
Markaðskostnaður	292	302
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0 (416)
Kostnaður við skráningu	730	0
	<u>4.183</u>	<u>2.569</u>

9. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:	30.6.2014	31.12.2013
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,69	1,07
Lausafjárlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,30	0,61
Eiginfjárlutfall- eigið fé/heildarfjármagn	0,55	0,61

10. Vaxtaberandi skuldir

Félagið hefur tryggt langtímafjármögnun á 19.893 þús. evru skammtímaskuldum og 20.473 þús. evru langtímalánum sem falla til greiðslu á árinu 2015. Félagið hefur einnig tryggt fjármögnun á nýsmíði uppsjávarskipa.

Fjármögnuninni er ætlað að bæta veltufjárlutfall félagsins, lækka fjármagnskostnað og tryggja fjármögnun vegna endurnýjunar á skipum félagsins.

Skýringar, frh.:

Ársfjórðungayfirlit	2 F		1 F		Samtals
	2014		2014		
Seldar vörur	45.316		41.946		87.262
Kostnaðarverð seldra vara	(35.202)		(30.857)		(66.059)
Vergur hagnaður	10.114		11.089		21.203
Aðrar tekjur	796		527		1.323
Útflutningskostnaður	(2.499)		(2.889)		(5.388)
Annar rekstrarkostnaður	(1.829)		(2.354)		(4.183)
Rekstrarhagnaður	6.582		6.373		12.955
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(572)		(734)		(1.306)
Áhrif hlutdeildarféлага	675		1.115		1.790
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.685		6.754		13.439
Tekjuskattur	(1.754)		(1.117)		(2.871)
Hagnaður tímabilsins	4.931		5.637		10.568
EBITDA	9.503		9.150		18.653
	4 F	3 F	2 F	1 F	Samtals
	2013	2013	2013	2013	
Seldar vörur	45.024	50.699	48.435	50.875	195.033
Kostnaðarverð seldra vara	(38.082)	(34.244)	(39.812)	(32.495)	(144.633)
Vergur hagnaður	6.942	16.455	8.623	18.380	50.400
Aðrar tekjur	176	0	0	0	176
Útflutningskostnaður	(2.846)	(3.315)	(2.713)	(3.352)	(12.226)
Annar rekstrarkostnaður	(1.494)	(1.391)	(1.287)	(1.282)	(5.454)
Bakfærð virðisrýrnun (virðisrýrnun)	8.703	0	0	0	8.703
Rekstrarhagnaður	11.481	11.749	4.623	13.746	41.599
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(821)	(705)	3.270	(329)	1.415
Áhrif hlutdeildarféлага	1.173	1.098	(497)	(1.005)	769
Hagnaður fyrir tekjuskatt	11.833	12.142	7.396	12.412	43.783
Tekjuskattur	(2.313)	(2.471)	(1.380)	(2.206)	(8.370)
Hagnaður tímabilsins	9.520	9.671	6.016	10.206	35.413
EBITDA	6.133	14.865	7.513	16.626	45.137

Ársfjórðungayfirlit hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum.